

**Tilmæli 5/2016**

Fyrri númer:  
B 307/holdbart

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Fylgiskjal:  
Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu um  
samstarfsáætlun 2017–2020

Málsnúmer: 16-00204-10

## Samstarfsáætlun FJLS 2017-2020

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún setji í forgang aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis í landbúnaði, sbr. aðgerðasviðið *One Health (lyfjaóþol)*, heilbrigð dýr og dýravelferð;*

*að hún leitist við að samræma sjónarmið Norðurlanda í samningaviðræðum um mikilvægar lagagerðir ESB á aðgerðasviðum samstarfsáætlunarinnar. Einnig aðgerðir sem koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist við innleiðingu tilskipana ESB í löndunum;*

*að hún á aðgerðasviðinu *Aukið þanþol og minni áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar* bæti við eftirfylgni skýrslu frá árinu 2014 um áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar á Norðurlöndum, súrnun sjávar og vandkvæðum með veiðistjórn á sameiginlegum fiskistofnum;*

*að hún á aðgerðasviðinu *Sjálfbær stjórnun lifandi auðlinda* bæti við aðgerðum með það fyrir augum að draga úr illum afleiðingum fiskeldis á líffræðilega fjölbreytni;*

*að hún á aðgerðasviðinu *Sjálfbær stjórnun lifandi auðlinda* bæti við aðgerðum sem gera löndunum kleift að nýta tækifæri sín til að stunda sjálfbæra framleiðslu á matvælum og líforku;*

*að hún hrindi í framkvæmd ráðherranefndartillögu B 307/holdbar um Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2017–2 020 og taki tillit til sjónarmiða Norðurlandaráðs varðandi tilteknar aðgerðir.*

10. nóvember 2016

*Henrik Dam Kristensen*  
Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*  
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

**Tilmæli 5/2016**

Fyrri númer:  
B 307/holdbart

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærninefndin

Fylgiskjal:  
Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu um  
samstarfsáætlun 2017–2020

Málsnúmer: 16-00204-10